

- 9 3. Vörumerkið skal ekki njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma
23. jan. en í Belgíu.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Belgíu, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóvember 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefur tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgr. nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. janúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

10

L Ö G

9. febr.

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögina komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson

(L. S.)

Hermann Jónasson.